



284. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn miðvikudaginn 4. sept. 2019, kl. 15:00 á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Bárður Árnason frá Eflu og Stefán Gíslason (SG), frá Environice.

1. Greining á mögulegum urðunarstöðum

Bárður Árnason frá Eflu og Stefán Gíslason frá Environice fóru yfir greiningar á mögulegum urðunarstöðum á Suðurlandi. Þrír staðir koma langbest út í mati, en hver þeirra hefur þó ólíka kosti og galla. Um er að ræða Strönd, Skógarsand og Kirkjuferjuháleigu.

Stjórn óskar eftir greiningu sérfræðinganna á hugsanlegri samnýtingu þeirra þriggja staða á Suðurlandi sem til greina koma og mótaðar tillögur sem leggja má fyrir þau sveitarfélög sem fara með ákvörðunarvald á hverjum stað. Í greiningu og tillögum komi fram hverskonar efnislosun, vinnslu eða geymslu væri um að ræða jafnframt sem öðrum stöðum á svæðinu sem meðhöndla úrgang verði gerð skil

2. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Fundargerð fundar frá 14. ágúst s.l. Næsti fundur er áætlaður 24. september. Stjórn SOS lýsir einlægum vilja til áframhaldandi samstarfs um að leita lausna í sorpmálum sveitarfélaganna til framtíðar.

3. Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram. Stjórn SOS tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en bendir einnig á að umræðu er þörf um þann möguleika að flytja brennanlegt sorp úr landi til orkuendurvinnslu sem valkost við stóra brennslustöð innanlands.

4. Aðalfundur SOS 25 okt. nk. Undirbúningur

Bjarni frá SASS mætir á fundinn. Rætt um tilvonandi aðalfund og nauðsynlegan undirbúning vegna hans, þar á meðal drög að fjárhagsáætlun SOS 2020.

5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason mætir á fundinn og gerir grein fyrir stöðu mála-

- Staða á móttöku úrgangs í Fíflholtum og Stekkjarvík
Mótttekinn úrgangur er aðeins helmingur þess sem hann ætti að vera miðað reynslu síðustu ára. Þessi mismunur er óeðlilegur og hefur ekki verið útskýrður en þarf að skoða betur.
Heildarmagn til ágúst loka = 1.606.960 kg. Þar af um þriðjungur dýrahæ (535.880 kg.) Samkvæmt því stefnir í 3.046.960 kg. í árslok miðað við 360.000 kg x 4 mán. Þar af um þriðjungur dýrahæ (1.016.083 kg.) Þetta er aðeins um 60% af áætluðu magni ársins 2019 (3.000 tonn af 5.000)!

- Brennsla dýrahæja
Flýta þarf aðgerðum. Nálægt 1000 tonnum sem falla til á Suðurlandi.
- Aðgerðaráætlun o.fl.
- Útflutningur á brennanlegur sorpi til orkuvinnslu.
Stefán Gíslason og GHH fóru yfir stöðuna hjá Íslenska gámafélaginu og stöðu undirbúnings samningagerðar. Stefán og GHH munu vinna áfram að málinu.

6. Önnur mál

- Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að frumvarpi um urðunarskatt.
Stjórn SOS tekur undir áhyggjur Sambandsins um urðunarskatt og ráðstöfun hans. Tryggja þarf að sveitarfélögum vinnist tími til að finna úrræði fyrir þá úrgangsflokka sem um ræðir. Dýrahæ og óvirkur úrgangur verða að vera undanþegin þessum skatti.
- Formanni var falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum urðunarstaðanna í Fíflholti og Stekkjarvík í samræmi við samkomulag aðila um móttöku úrgangs.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn þann 2. október næstkomandi kl. 13:00 á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 17:15